



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Seljaborg

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat.....	5
2.1 Stutt greinargerð kjarnastjóra á Gula kjarna um starfið á síðasta ári	5
2.2 Innra mat Gula kjarna.....	6
2.3 Umbótaáætlun	7
2.4 Stutt greinargerð kjarnastjóra á Bláa kjarna um starfið á síðasta ári.....	8
2.5 Innra mat Bláa kjarna	9
2.6 Umbótaáætlun	10
2.7 Stutt greinargerð kjarnastjóra á Græna kjarna um starfið á síðasta ári.....	11
2.8 Innra mat Græna kjarna	12
2.9 Umbótaáætlun	13
3 Ytra mat.....	14
3.1 Mat á umbótarþáttum síðasta árs.....	15
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	16
5 Samstarf leik- og grunnskóla	17
6 Foreldrasamvinna.....	17
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
8 Fylgigögn.....	19
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	19
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	19
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	19
8.4 Fylgiskjal 4 – Leikskóladagatal 2019-2020.....	19



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Á þessu skólaári höfum við lagt enn ríkari áherslu á læsi meðal annars með því að fá bókakoffort að láni frá Borgarbókasafninu þar sem foreldrar gátu fengið bækur lánaðar í ákveðin tíma til að lesa með börnum sínum. Í kjölfarið komum við af stað lestrarátaki inná deildum með þátttöku foreldra. Útbúin var bókaormur sem hengdur var upp í miðrými leikskólans og áttu börnin að skapa lengd ormsins með því að hengja á hann miða sem kennarar voru búnir að útbúa í lit deildanna. Foreldrar fylltu út þennan miða þar sem fram kom hvaða bók hafði verið lesin, hver væri höfundur og hversu margar blaðsíður voru lesnar sem og nafn barnsins. Þetta verkefni gekk vonum framár og voru allir sem að því komu mjög áhugasamir. Ákveðið var að endurtaka þetta verkefni og vera þá með bókadreka.

Gert var kynningarmyndband um leikskólann í vetur og þótti okkur það takast mjög vel og gefa góða innsýn í daglegt starf í leikskólanum og hvaða stefnu við aðhyllumst. Við tókum þátt í Barnamenningarhátíð sem sett var í Gerðubergi af Degi B. Eggertssyni og var yfirskrift hennar „Með sól í hjarta“. Börn og kennarar lögðu mikinn metnað í þetta verkefni og tóku öll börn á Seljaborg þátt í því. Ákveðið var að vinna með tilfinningar og útbjó hver deild sína bók. Á eldri deildunum var tekin ljósmynd af barni þar sem það sýndi hvaða tilfinningu það vildi sýna og var ljósmyndin helminguð og teiknuðu börnin síðan sjálfan sig á hinn partinn. Börnin voru síðan spurð ýmissa spurninga sem tengdust tilfinningum. Á yngstu deildinni tóku kennarar myndir af börnunum sem klipptar voru niður í fjóra hluta og voru börnin beðin um að púsla þeim saman.

Undirbúningsvinna vegna innleiðingu nýju Menntastefnunnar er komin á fullt og hefur starfsfólk setið fundi og námskeið vegna hennar. Við fengum styrk úr Þróunarsjóði sem við ætlum að nýta til að efla enn frekar félagsfærni í starfinu hjá okkur og ætlum m.a. að fá námskeið hjá Barnaheill og taka þátt í verkefninu Vinaheill. Yfirskrift okkar er Vinátta.

Foreldrasamvinna er í hávegum höfð og erum við reglulega með viðburði þar sem foreldrum og öðrum aðstandendum er boðið að koma í heimsókn. Má þar helst nefna opið hús í tilefni Dags leikskólans, kaffidagar í tengslum við mæðra- og feðradaginn, útskrift elstu barnanna og sumarhátíð í tengslum við Þjóðhátíðardaginn. Einnig höfum við verið með aðventukaffi í upphafi aðventunnar og farið í Heiðmörk í byrjun desember til að velja okkur jólatré. Við ákváðum hins vegar í vetur að sameina þessar ferðir þar sem stutt væri á milli þeirra og einhverjir foreldrar áttu erfitt með að fá frí úr vinnu af þeim sökum. Við byrjuðum því á að fara í Heiðmörk og komum svo til baka og héldum



aðventukaffi. Þetta fyrirkomulag mæltist mjög vel fyrir í foreldrahópnum og ætlum við því að sameina þessar ferðir aftur. Allir foreldraviðburðir hafa verið mjög vel sóttir.

Starfsdagar voru nýttir mjög vel bæði til endurmenntunar sem og að fá til okkar utanaðkomandi fræðslu. Við fengum meðal annars fulltrúa frá Miðju máls og læsis sem var með kynningu á verkefninu, fulltrúa frá eTwinning sem kynnti okkur Erasmus+ og allir starfsmenn fóru á leikskólaráðstefnuna á Hótel Hilton. Starfsfólk fór á fyrirlestur sem tengdust jákvæðri sálfræði/bætt samskipti og fyrirlestur um hómor og gleði í starfi. Enn fremur fengum við aukna fræðslu um notkun Book creator og kynningu á nýju stýrikerfi.



2 Innra mat

2.1 Stutt greinargerð kjarnastjóra á Gula kjarna um starfið á síðasta ári

Á Gula kjarna eru 15 yngstu börn Seljaborgar fædd árið 2015, 2016 og 2017. Tvö af þeim njóta stuðnings. Á kjarnanum eru þrír hópstjórar og tveir stuðningsaðilar, fimm kennarar eru á kjarnanum í það heila. Dagskrá Gula kjarna skiptist upp í hópatíma fyrir hádegi og útiveru eftir hádegismat ásamt frjálsum leikjum. Skráning á hópatíma er í fataklefa þannig að foreldrar geti fylgst með hvað börnin þeirra gera í hópatíma. Samverur eru tvisvar á dag. Morgunsamvera er eftir morgunmat þar sem þau æfa sig að sitja á sínu svæði, kjarna sig og syngja saman. Seinni samveran er síðan fyrir hádegismatinn. Þá er lagt áherslu á málörvun og lestur auk söngs.

Í ár var danskennsla á Gula kjarna. Börn og starfsmenn voru ánægð með það og verður því haldið áfram á næsta starfsári. Öll börnin voru virkir þátttakendur og skemmtu sér konunglega við að læra nýja dansa. Hæfilegt er að leggja áherslu á einn dans í mánuði. Söngstund er alla föstudaga á Seljaborg, þar hittast öll börn leikskólans og syngja saman, horfa á leikrit frá einum kjarna eða fara í leiki. Starfsmaður á kjarnanum sagði oft sögur sem vakti lukku hjá börnunum, þau hlustuðu vel og voru áhugasöm. Þau voru það áhugasöm að þau fóru í leiki út frá sögunum og voru sjálf þátttakendur í sögunni. Tímalína er námsskipulag yfir læsi fyrir skólaárið. Hvert tímabil er í eina til tvær vikur í senn yfir skólaárið frá september fram í maí. Vinna með skipulagið gekk vel, börnin voru virkir þátttakendur og spennt í hverri viku að vita og velja umfjöllunarefni næstu vikuna. Verðlaust efni er mikið notað í starfi á Gula kjarna. Það eru til að mynda dollur og dósir undan matvælum og kremum, efnisbútar og annað efni sem okkur hefur verið fært. Börnin eru dugleg að fara í frjálsa leiki, oftar en ekki komu mamma og pabbi eða ísbúð fyrir í leiknum.

Á þessu skólaári höfum við átt gott samstarf við foreldra, við höfum haft opið hús hjá okkur og hafa foreldrar komið og skoðað starfið hjá okkur. Við vorum bæði með mæðra- og feðrakaffi og höfum við fengið heimsókn frá fjölskyldumeðlimum í kaffi og kökur. Lestraráttak var sett af stað á öllum leikskólanum með það að markmiði að vekja áhuga barna á bókum og til þess að auka samstarfið á milli foreldra og leikskólans. Um haustið var *Bókaormur* þar sem börnin fengu heim með sér blað til að fylla út og koma með í leikskólann, heiti bókar, blaðsíðutal og höfund. Um vorið var *Bókadreki* með sama fyrirkomulagi þar sem börnin fengu blað heim til að fylla út með foreldrum, þáttkaka foreldra var til fyrirmyndar og gaman að sjá hversu mörg börn lásu með foreldrum sínum heima.



2.2 Innra mat Gula kjarna

Dýr vikunnar – Við tengdum ekki hópatímanna tvisvar í viku við dýr heldur tengdum við það öllu daglegu starfi.

- Styrkleikarnir – Börnin voru ánægð með þá aðferð og sýndu mikið frumkvæði og sjálfstæði í vali á dýrum.

Tækifæri til umbóta: Verður ekki metið aftur.

Bók vikunnar – Ein bók var valin á tveggja vikna fresti. Gekk mjög vel og bók var valin út frá þeirra þroska og getu til að hlusta.

- Styrkleikar – þau læra hlustun og orðaforði eflist.

Starfsmenn komumst að því að með því að hafa eina bók á dag eru börnin fljótari að ná upp orðaforðanum og hlustun þeirra verður betri.

Tækifæri til umbóta: Hafa fleiri bækur á þessum tíma sem sagt ein bók á dag og verður það látið í nýja umbótaáætlun.

Tákn vikunnar – Börnin læra að nota Tákn með tali yfir algengustu orðin á leikskólanum og kunna að minnsta kosti fimm lög með táknum.

- Styrkleikar – Börnin voru fljótari að læra orð sem fylgdi táknum og varð áhuginn meiri á söngvum.

Kennarar voru virkir þátttakendur og skilaði það sér til barnanna.

Tækifæri til umbóta: Kennarar sáu að þetta gekk vel og verður ekki metið aftur.

Börnin hafa val – Þetta var svolítið erfitt því þessi yngstu fengu ekki að ráða hvaða dýr var fyrir valinu og þau eldri fengu að ráða.

- Styrkleikar – Við sáum börnin eflast sem völdu og efldi það sjálfstraust þeirra.

Þrátt fyrir að sum börn völdu þá vantaði eitthvað frá yngri börnunum.

Tækifæri til umbóta: Það sem við ætlum að breyta núna er að hvert barn fær að velja á sinn hátt í eina viku og skráð á sýnilegan hátt. Verður sett aftur í umbótaráætlun.



Foreldrabátttaka – Börn og foreldrar tala saman um það sem er í Tímalínunni heima, kennari sendir póst vikulega hvað er í Tímalínunni og sumir foreldra voru að fylgjast með.

- Styrkleikar – Það sem við kennarar sáum að þetta eykur samvinnu skóla og heimilis, foreldrar verða meiri þátttakendur í lærdómi þeirra. Foreldrar sýndu áhuga á námi barna sinna.

Það sem mætti betur fara er að foreldra taki betur þátt og gaman væri að fá frá foreldrum hvernig gekk heima.

Tækifæri til umbóta: Þetta verður metið aftur, rætt verður við foreldra í foreldraviðtölum um haust og vor hvernig þeim fannst ganga til.

Árstíðir – Við vorum ekki með það viðfangsefni því tími gafst ekki til þess og höfum ákveðið að þessi þáttur fer ekki aftur í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

2.3 Umbótaáætlun

Umbótaþættir	Að hverju er stefnt?
Að mæta hreyfipörfum barna í leik og samskiptum.	Kenndur verði einn dans á mánuði. Danskennsla verður sett inn í skipulag deildar í <i>Tímalínunni</i> . Hópstjórar taka myndband og senda foreldrum einu sinni í mánuði og dansinn sýndur síðasta föstudags hvers mánaðar í söngstund. Danskennsla sett á skráningarblað fyrir hópatíma. Tímaáætlun er allt skólaárið. Allir starfsmenn bera ábyrgð á að mæta hreyfipörfum barna samkvæmt skipulags- og skráningarblaði. Viðmiðin verða að börnin kunni a.m.k 8 dansa eftir skólaárið.
Virk hlustun	Starfsfólk verði meðvitaðra um að beita virkri hlustun í samskiptum við börn. „Gefðu 10“ aðferðin verður notuð. Starfsfólk skráir á skráningarblað hvaða barni þau gefa 10 mínútur. Deildafundir eru notaðir í umræður og endurmat. Allir starfsmenn bera ábyrgð að aðferðin sé notuð. Allt skólaárið er notað í endurmat. Viðmið um árangur er að starfsfólk sé meðvitað um stöðu málþroska barnanna.
Börn hafa áhrif á val.	Börnin taka þátt í að velja hvaða dýr þau vilja læra um viku í senn og hvert barn fær að velja á sinn hátt. Hvert barn er spurt hvaða dýr það vill læra um og er unnið með það dýr eina viku í senn. Skráning fyrir dýr eru skráð á Tímalínuna og skráð hvaða barn valdi hvaða dýr. Þessi vinna stendur yfir allt skólaárið. Viðmið um árangur að börn velji dýrin sjálf, komi sjálf með hugmyndir og óskir.
Foreldrabátttaka	Foreldrum verði sendur fréttapóstur með tölvupósti vikulega með upplýsingum um <i>Tímalínu</i> . Börn og foreldrar hafa kost á að ræða saman heima um efni <i>Tímalínunnar</i> hverju sinni og foreldrar taki þannig þátt í starfi barnanna sinna. Mat fer fram í foreldraviðtölum þar sem hópstjórar ræða ánægju foreldra á fréttapóstunum og samstarfi milli foreldra og leikskóla. Mat fer fram í nóvember og mars í foreldraviðtölum. Árangur næst ef flestir foreldrar eru ánægðir með samstarf.



Læsi

Að gera lestur að mikilvægum þætti á heimili barnanna. Lestraráttak í formi bókaorms/dreka verður í gangi á haust- og vorönn. Börnin fá heim með sér lítil blöð sem foreldri fyllir út hvað bók þau lásu heima, þau koma svo með miðann aftur í leikskólann og hann hengdur á vegg þar sem myndast stór ormur eða dreki. Verkefnið er viku til mánuð í senn tvisvar á ári. Til að meta hvernig gekk er athugað hvort að öll börnin hafi tekið þátt í verkefninu. Viðmið um árangur er að þetta veki áhuga barna á bókum og lestri og að foreldrar lesi með börnunum sínum heima.

2.4 Stutt greinargerð kjarnastjóra á Bláa kjarna um starfið á síðasta ári

Á Bláa kjarna eru 20 börn fædd árið 2013, 2014 og 2015, eitt af þeim nýtur stuðnings. Börnunum er skipt í þrjá hópa eftir aldri. Þrjú kennarar eru á kjarnanum og einn stuðningsaðili.

Tímalínan var notuð sem skipulag fyrir læsis tengda þætti í hópatímum og samverum. Í ár bættist orðaforðalisti frá Menntamálastofnun við skipulagið. *Gefðu 10!* var notað til þess að gefa börnum aukna athygli í samskiptum og lestrarátak var haldið tvisvar á árinu. Í annað skiptið var *Bókaormur* og síðara skiptið var *Bókadreki*. Börnin skráðu upplýsingar um þær bækur sem þau lásu með foreldrum sínum og stækkuðu þannig bókadýrin. Lestraráttökunum var vel tekið af börnum og foreldrum sem tóku virkan þátt í því. 7. bekkur kom í nóvember til okkar að lesa á Degi íslenskrar tungu og börnin tókum þátt í *Barnameningarhátíð Reykjavíkur* þar sem verkefnið þeirra tengdist tilfinningum og líðan. Verkefnið hét *Með sól í hjarta* og var til sýnis í Gerðubergi. Börnin reyndu að rækta upp tómataplöntu sem matráðurinn gaf okkur. Þau voru spennt að sjá plöntuna stækka og vaxa. Það komu nokkur blóm en plantan dó áður en hún náði að gefa okkur tómata.

Skólahópur fór nokkrum sinnum í heimsókn í Ölduselsskóla til að kynna skólaumhverfinu þar auk þess sem þau fóru í nokkrar skemmtilegar ferðir á bókasafnið í Gerðubergi, Fjölskyldu- og húsdýragarðinn, Grasagarðinn þar sem þau settu niður túlípana undir verkefninu *Sofnað að hausti – vaknað að vori*. Þau fóru á Árbæjarsafn, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Landnámssýningu, Náttúrufraeðistofu Kópavogs og fóru í ratleik um Elliðaárdalinn með Vísindakistunni og í Viðey. Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands buðu þeim síðan á fræðslusýningar þar sem starfsemi þeirra er kynnt í skemmtilegum verkum. Útskriftarferðin þeirra var á Bjarneyjarsand í Hvalfirði eins og undanfarin ár þar sem þau fara í fjósín, fræðast um kindurnar, fara í fjöruferð og gista í sumarbústöðum á Fornastekk. Útskriftin var síðan haldin í Seljakirkju þar sem börnin fegnu útskriftarskírteini og rós í boði foreldrafélagsins og haldið var flott pálínuboð.

Við buðum foreldrum nokkrum sinnum í sérstakar heimsóknir til okkar. Við vorum með opið hús á Degi leikskólans í febrúar auk þess sem við vorum með feðra kaffi í tengslum við feðra daginn í



nóvember þar sem þabbar, afar, bræður og frændur voru boðnir velkomnir. Í maí buðum við svo mömmum, ömmum, systur og frænkum í mæðra kaffi til okkar. Í desember fóru börnin með foreldrum og starfsmönnum í Heiðmörk að velja jólatré fyrir jólaballið og í kjölfarið var Aðventukaffi í leikskólanum. Í júní var svo Sumarhátíðin okkar þar sem farið var í skruðgöngu með öllum leikskólum Seljahverfisins og endað á pylsupartýi í garðinum okkar.

2.5 Innra mat Bláa kjarna

Skráning í Book creator – Ekki tókst að innleiða að fullu skráningu og ferilmöppur barna í Book creator sökum tæknilegra örðugleika. Erfiðlega gengur að flytja bækurnar á milli tækja sem hefur virkað letjandi á starfsmenn.

- Styrkleikar – Starfsmenn hafa komist að því að þetta er ekki lausn sem hentar þeim eins og er.

Tækifæri til umbóta: Ekki verður unnið með *Book creator* sem skráningarform fyrr en tæknileg mál hafa verið leyst. En unnið verður að því að koma öðru skipulagi á ferilmöppur og fer það í umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Tímalína (vísur) – Styttri vísur voru settar í *Tímalínuna* en þær vísur sem voru í henni voru gamlar og erfiðar fyrir börnin og þau tengdu ekki nógu vel við þær. Hentugra væri að hafa vísur sem börnin geta notað og tengja betur við. Það var of mikið í *Tímalínunni* fyrir hvert tímabil og það þarf að laga.

- Styrkleikar – Börnin lærðu fleiri vísur og þulur sem hjálpar þeim á svo margan hátt í málþroska og með hrynjandina.

Tækifæri til umbóta: Vísurnar þurfa að henta börnunum betur og hæfa aldri þeirra. Nýjar vísur verða settar inn og þeim fækkað, það er að hafa ekki alltaf þulur heldur skipta því á milli þess að hafa þulur, vísur, leiki o.fl. *Tímalínan* í heild sinni verður endurgerð fyrir skólaárið og metin að vori aftur.

Tímalína (Tákn með tali) – Börnunum þótti gaman að læra fleiri tákn sem tengjast daglegu tali. Þau eru kappsöm um að ná þeim en það er eitt til tvö tákn á viku. Táknin sem voru áður gleymast og táknið sem er tákn vikunnar er mest notað í samveru þegar verið er að fara yfir þætti *Tímalíunnar*.

- Styrkleikar – Börnin læra tákn sem nýtast þeim við að eiga samskipti. Þau nýtast mjög vel þeim sem eiga erfitt með að tjá sig með töluðu máli en það er líka gott fyrir önnur börn að læra táknið til þess að skilja þau.



Tækifæri til umbóta: Það mættu vera fleiri tákni sem börnin læra sem tengist orðaforðalistanum sem Menntamálastofnun gaf út. Það þyrfti að tengja þau meira inn í starfið og starfsmenn vera meðvitaðri um að nota táknið í daglegu tali. Þessi þáttur fer í umbótaáætlun ásamt *Tímalínunni* í heild sinni fyrir næsta skólaár.

Lestur við hæfi –Hópar eru alltaf aldurs skiptir í hópatímum þegar lesið er. Samverur eru sameiginlegar með kjarnanum og vegna mikilla veikinda og fjarveru starfsmanna reyndist ekki alltaf unnt að aldursskipta þeim fyrir lestur. Flesta daga vorum við með *Bókaorm* og þá kom eitt barn með bók að heiman sem það sagði frá og sýndi myndir á meðan starfsmaður les fyrir börnin. Börnin eru ánægð með þetta fyrirkomulag og fylgjast spennt með og bíða eftir því að röðin komi að þeim.

- Styrkleikar – Börnin eru áhugasöm um bóka lestur og að fá að koma með uppáhaldsbókina sína í leikskólann.

Tækifæri til umbóta: Þegar þetta fyrirkomulag er þá hafa starfsmenn ekki tök á að stýra bókavali og því sem lesið er fyrir börnin. Gott væri að hafa bókaorminn einu sinni í viku og að hópstjórar fari með börnunum á bókasafn þar sem þau geta fengið að velja bækur til þess að fá lánaðar í leikskólann. Þannig geta starfsmenn og börn valið í sameiningu hvaða bækur og sögur eru lesnar. Þessi þáttur þarf frekari skoðun og skipulagningu og fer þessi þáttur því aftur í umbótaáætlun.

2.6 Umbótaáætlun

Umbótapættir	Að hverju er stefnt?
Skráningar í ferilmöppu	Ferilmöppur barna verða endurskoðaðar. Hópstjórar eiga að sjá um að ferilmappa barnanna séu vel skipulagðar þar sem framfarir í þroska barna sjást í gegnum árið. Í ferilmöppuna eiga að fara verkefni barnanna auk skráningar. Hópstjórar eiga að nota tíma í undirbúning til þess að skipuleggja og yfirfara möppur barnanna í hverjum mánuði. Eftir árið verður ferlið endurmetið. Kjarnastjóri hefur yfirumsjón um að vinnan sé fagleg og að öll gögn séu vandlega fyllt út. Börnin taka ferilmöppuna sína með heim um vorið og ný mappa gerð fyrir næsta skólaár.
Tímalína	Tímalínuna þarf að aðlaga betur að þörfum barnanna þannig að hún nýtist þeim betur. Vísur, þulur, tákni og fleira verður endurskoðað. Þessir þættir verða ekki allir í öllum vikunum heldur skiptist á milli nokkurra þátta. Vísurnar þurfa að vera auðveldari og skemmtilegri þannig að börnin hafi áhuga á því að læra þær. Táknið þurfa að vera fleiri og vera sýnilegri svo þau séu notuð á fleiri tímum í starfinu. Kjarnastjóri sér um framkvæmdina í samráði við starfsmenn en allir starfsmenn bera ábyrgð á því að fara eftir skipulagningu. Endurmat verður í formi rýnihópar innan kjarnans á því hvernig gekk yfir starfsárið. Marmiðið er að skipulagið verði meira notað í starfinu á kjarnanum.
Lestur	Lesturinn á að henta aldri og áhugasviði barnanna og þau fái tækifæri til þess að taka þátt í að velja bækurnar sem lesnar eru. Bókaormur heldur áfram en verður tvisvar í viku, þá fær ormurinn að koma með bók að eigin vali sem hann hefur lesið heima með foreldrum



	<p>sínum áður. Síðan fara allir hópar einu sinni í mánuði á bókasafn og fá lánaðar bækur. Öll börnin velja sér eina bók og verður hún lesin einhvern tímann þann mánuðinn. Verkefnið hefst í september þegar aðlögun er lokið og stendur yfir allt fram í maí. Allir starfsmenn kjarnans bera ábyrgð á að verkið og skipulagið haldist en Kjarnastjóri hefur yfirumsjón með verkinu. Bækurnar sem lesnar eru verða skráðar niður þannig að hægt verði að sjá hvernig bækur börnin velja sér, hvaða bækur eru lesnar og hversu oft er lesið fyrir börnin. Í júní verður farið yfir gögnin og þau rýnd. Þannig sjáum við hvort að lestur eigi sér stað í öllu starfi kjarnans eða hvort hann sé bundinn við bókaormasamveru eins og er nú.</p>
<p>Félagsfærni</p>	<p>Vináttuverkefni Barnaheilla verður innleitt í starfsemi kjarnans. Allir starfsmenn leikskólans fara á námskeið á vegum Barnaheilla. Endurmat fer fram næsta vor á starfsmannafundi með rýnihópum þar sem rætt verður hvernig verkefnið tókst. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að innleiðing muni eiga sér stað. Miðað er við að allir kjarnar hafi tileinkað sér ákveðin grunngildi við forvarnarverkefnið.</p>

2.7 Stutt greinargerð kjarnastjóra á Græna kjarna um starfið á síðasta ári

Á Græna kjarna eru 21 strákur fæddir árið 2013, 2014 og 2015. Á kjarnanum eru tveir hópar, tveir hópstjórar og tveir stuðningsaðilar. Tvö börn á kjarnanum njóta stuðnings.

Í vetur hefur lestur fyrir börnin verið í forgangi þar sem börnin taka mikinn þátt í vali á bókum. Börnin hafa farið í ferðir á bóksafnið og hvert barn velur sér eina bók sem síðan er lesin fyrir allan hópinn. Einnig hafa hóparnir verið að fönðra mikið með skemmtilegan efnisvið. Kúlur, laufblöð og gafflar eru þar á meðal. Einnig hafa börnin unnið mikið með líkamann sinn og sjálfsmynd sína. Horfa í spegil og teikna sjálf sig, leggjast á striga og teikna líkamslínur sínar og mála þær svo. Börnin hafa einnig verið að vinna með tilfinningar sínar og var eitt verkefna okkar á Barnamenningarhátíðinni að börnin máluðu annan helming af andliti sínu og tjáðu tilfinningar sínar með svipbrigðum. Mikill dansáhugi hefur verið á kjarnanum og hafa börnin fengið danskennslu frá kjarnastjóranum. Börnin læra dansa með lögum sem við syngjum eða spilum. Í nóvember komu nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla og lásu fyrir okkur nokkrar sögur í tilefni Dags íslenskrar tungu.

Á þessu skólaári hefur verið gott foreldrasamstarf, við höfum haft opið hús hjá okkur og hafa foreldrar komið og skoðað starfið hjá okkur. Við vorum bæði með mæðra- og feðrakaffi og höfum við fengið heimsókn frá fjölskyldumeðlimum í kaffi og kökur. Leikskólinn setti af stað lestrarátak með því markmiði að vekja áhuga barna á bókum og til þess að auka samstarfið á milli foreldra og leikskólans. Um haustið var bókaormur þar sem börnin fengu heim með sér blað til að fylla út og koma með í leikskólann, heiti bókar, blaðsíðutal og höfund. Um vorið var bókadreki með sama fyrirkomulagi þar sem börnin fengum blað heim til að fylla út með foreldrum sínum, þáttkaka foreldra og barna var til fyrirmyndar.



Elsti hópurinn fór í ýmsar ferðir á síðasta skólaári, eins og á bókasafnið í Gerðubergi, Fjölskyldu-og húsdýragarðinn, Grasagarðinn, vinnustaða heimsóknir og fóru út að borða saman á American Style. Börnin fóru einnig á nokkrar sýningar í Þjóðleikhúsinu, Borgaleikhúsinu og Hörpu. Skólahóparnir fara einu sinni í mánuði með kennara yfir leikskólann og athuga hvort allar útgönguleiðir séu greiðar og skoða slökkvitæki og neyðarljós, svo er þetta skráð hjá okkur í þar til gerða möppu. Við fengum heimsókn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Umferðaskólanum og skólahópur fór í útskriftarferð að Bjarteyjarsandi í Hvalfirði í maí og var útskrift elstu barnanna haldin í Seljakirkju með Pálínuboði þar sem börnin fengu útskriftarskírteini og rós í boði foreldrafélagsins.

2.8 Innra mat Græna kjarna

Skráning í Book creator – Það var mikill áhugi fyrir þessari skráningu en kennarar þurfa að fá betri leiðsögn um hvernig forritið virkar til að geta notað þetta markvisst. Það var ekki mikill tími sem gafst til að læra á forritið vegna veikinda og fjarveru hópstjóra og einnig voru erfiðleikar að koma þessu til skila í önnur tæki og til foreldra.

- Styrkleikar – Starfsmenn hafa komist að því að þetta skráningarform er ekki að henta okkur eins og það er í dag.

Tækifæri til umbóta: er að ákveðið hefur verið að halda þessu skráningarformi ekki áfram en unnið verður að því að koma skipulagi á ferilmöppur barna og fer það í umbótaráætlun fyrir næsta skólaár.

Tímalínan -vísur – Þetta skólaár var unnið með hverja vísu í tvær vikur og eftir þessar breytingar hafa kjarnastjórar ákveðið að fara yfir Tímalínuna og skipuleggja hana uppá nýtt fyrir næsta ár.

Kjarnastjórar ætla að finna nýjar vísur sem eru styttri, henta betur og börnin ná að tengja við. Einnig munum við skiptast á að hafa vísur, þulur, leiki og fl.

- Styrkleikar – Börnin lærðu fleiri vísur og þulur sem hjálpa þeim á svo margan hátt í málproska og með hrynjandina.

Tækifæri til umbóta: er að þessar aðgerðir þóttu bæði ávinningur fyrir börn og starfsmenn var ákveðið að þessi umbótaþáttur færi aftur í umbótaáætlun og yrði Tímalínan endurskoðuð í heild sinni fyrir næsta skólaár.

Tímalínan-tákn með tali – Mikið af lögum voru ákveðin með það í huga að nota sem mest tákn með. Táknin voru ekki sýnileg á veggjum en við náðum þeim árangri að börnin lærðu meira en 5 lög þar sem táknin eru notuð með.



- Styrkleikar – Börnin læra tákni sem nýtast þeim í daglegu samskiptum. Tákni með tali nýtast einnig mjög vel börnum sem eiga erfitt með að tjá sig með töluðu máli og einnig fyrir þau að eiga í samskipti við önnur börn. Tengja þarf tákni betur við Orðalistann sem gefinn var út af Menntamálastofnun.

Tækifæri til umbóta: Reyna að hafa tákni sýnilegri og hefur verið ákveðið að þessi þáttur færi aftur í umbótaáætlun og yrði Tímalínan endurskoðuð í heild sinni fyrir næsta skólaár.

Lestur við hæfi – Samverurnar náðu ekki að vera aldursskiptar eða þroskamiðaðar. Ákveðið var að börnin fengu að taka meiri þátt í vali á bókum með því að hafa bókaorm og að börnin fengu að taka bækur á bókasafninu í leikskólanum og utan þess.

- Styrkleikar – Styrkleikarnir voru að börnin voru áhugasamari um lestur og innihald bókar.

Niðurstaða kjarnans var að vinna þurfi meira með bækur og að taka þurfi meira tillit til tvítyngdra barna og hafa bækur við þeirra hæfi. Þar með hefur verið ákveðið að skoða áætlun fyrir læsi og hafa meiri stuðning fyrir tvítyngd börn.

Tækifæri til umbóta: Lestur og val á bókum fer í umbótaáætlun fyrir næsta starfsár.

2.9 Umbótaáætlun

Umbótapættir	Að hverju er stefnt?
Að mæta hreyfipörfum barna í leik og samskiptum	Einn dans verður kenndur í mánuð. Danskensla verður sett inn í skipulag deildar í Tímalínunni. Hópstjórar taka myndbönd og senda foreldrum einu sinni í mánuði og dansinn sýndur síðasta föstudag hvers mánaðar í söngstund. Á skráningarblað fyrir hópatíma verður danskenslu bætt inn. Allir starfsmenn bera ábyrgð á því að mæta hreyfipörfum barna samkvæmt skipulags- og skráningarblaði. Endurmat á árangri fer fram í maí 2020. Viðmiðin verða að börnin kunni að minnsta kosti níu dansa eftir skólaárið.
Skráningar	Ferilmöppur barna verða endurskoðaðar. Hópstjórar eiga að sjá um að ferilmappa barnanna séu vel skipulagðar með áherslu á að sjá þroska og færni barns í gegnum árið. Í möppuna eiga að fara daglegar skráningar, viðtöl við barnið ásamt upplýsingum frá foreldrum þess. Hópstjórar eiga að nota undirbúning til að skipuleggja og yfirfara möppurnar í hverjum mánuði. Ferlið verður endurskoðað að ári liðnu. Kjarnastjóri hefur yfirumsjón um að vinnan sé fagleg og að öll gögn séu vandlega fyllt út og börnin taki ferilmöppu sína heim um vorið og ný mappa gerð fyrir næsta skólaár.
Foreldrapáttaka	Stefnt er að því að þátttaka foreldra í starfinu í leikskólanum verði meiri. Vikulega verði sendar fréttir til foreldra og að gera aðgang að skráningu barna þeirra aðgengilegri. Foreldraviðtöl eru notuð til þess að koma upplýsingum til skila auk þess



Árstíðir	<p>að fara yfir starfið. Markmiðið er að fá sem flesta foreldra til samstarfs. Endurmat verður í formi könnunnar á meðal foreldra þar sem upplifun þeirra verður könnuð. Allir hópstjórar bera ábyrgð á því að foreldrar fái upplýsingar um stöðu og þroska barna í viðtölum og að skráningar/ferilmöppur séu aðgengilegar.</p> <p>Börnunum verður kennd árstíðarheitin. Hópatímar og samverur notaðir til þess að fjalla um árstíðir að minnsta kosti einu sinni í mánuði. Hátíðisdagar, lög, veður, klæðnaður og fleira tengt við árstíðirnar auk árstíðartengdra mynda. Endurmat verður eftir hvern ársfjórðung um það bil þegar árstíðirnar breytast, með gangasöfnun í ferilmöppur barnanna.</p> <p>Viðmiðið er að börnin verði meðvitaðri um hvað árstíðirnar heita og hvað þeim fylgir. Allir á kjarnanum bera ábyrgð á því að börnin fá kennslu en kjarnastjóri er með yfirumsjón um að hópstjórar vinni faglega og að gögn séu til staðar.</p>
Læsi	<p>Ritmál verður gert sýnilegra á kjörnum og að börnin tileinki sér fjölbreyttari orðaforða. Merkja hillur, skriffæri og hluti sem eru sýnilegir börnum. Gera bækur aðgengilegri fyrir börnin og hafa þær aldurstengdar og þroskamiðaðar. Einnig að gera Orðaforðalistann frá Menntamálastofnun sýnilegan fyrir börn og foreldra og ræða hann við börnin og gera verkefni tengt honum í hópatímum. Endurmat verður í formi rýnihóps þar sem ígrundað verður hvernig og hvort börnin tengja orðin við myndir af þeim hlutum sem eru merktir. Einnig verður árangur vinnunnar í hópatímum og hvort starfsmenn telja að börnin séu að tileinka sér orðin. Allir starfsmenn kjarnans bera ábyrgð á þessum umbótaþætti. Markmiðið er að auka og dýpka orðaforða og ritmál barna og ýta undir lestur bóka.</p>
Félagsfærni	<p>Vináttuverkefni Barnaheilla verður innleitt í starfsemi kjarnans. Allir starfsmenn leikskólans fara á námskeið á vegum Barnaheilla. Endurmat fer fram næsta vor á starfsmannafundi með rýnihópum þar sem rætt verður hvernig verkefnið tókst. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að innleiðing muni eiga sér stað. Miðað er við að allir kjarnar hafi tileinkað sér ákveðin grunnildi við forvarnarverkefnið.</p>
Tímalína	<p>Tímalínuna þarf að aðlaga betur að þörfum barnanna þannig að hún nýtist þeim betur. Vísur, þulur, tákni og fleira verður endurskoðað. Þessir þættir verða ekki allir í öllum vikunum heldur skiptist á milli nokkurra þátta. Vísurnar þurfa að vera auðveldari og skemmtilegri þannig að börnin hafi áhuga á því að læra þær. Táknin þurfa að vera fleiri og vera sýnilegri svo þau séu notuð á fleiri tímum í starfinu. Kjarnastjóri sér um framkvæmdina í samráði við starfsmenn en allir starfsmenn bera ábyrgð á því að fara eftir skipulaginu. Endurmat verður í formi rýnihópar innan kjarnans á því hvernig gekk yfir starfsárið. Marmiðið er að skipulagið verði meira notað í starfinu á kjarnanum.</p>

3 Ytra mat

Árleg viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar var framkvæmd í ársbyrjun 2019.

Könnunin er rafræn spurningalistakönnun sem berst öllum starfsmönnum í tölvupósti. Markmið könnunarinnar er að fá sýn starfsmanna á starfi leikskólans. Könnunin er nauðsynlegt tæki fyrir



stjórnendur til að geta ígrundað og bætt starfið. Til þess að koma auga á það sem betur mætti fara, en einnig til þess að vita hvað vel er gert.

Niðurstöður könnunarinnar voru góðar og hækkuðum við í nokkrum þáttum en nokkrir þættir lækkuðu lítillega en haldast þó á grænu eða gulu svæði og því þarf að fylgjast með. Þættirnir sem þarf að huga að og eru á gulu svæði eru starfmannastöðugleiki sem þó hefur hækkað, hæfilegt vinnuálag, vinnuaðstaða og fræðsla og þjálfun. Á síðasta ári voru niðurstöður gleðiefni hvað varðar jafnrétti og jafnræði, en þá höfðu 9% starfsmanna orðið vitni af fordómum eða áreitni í garð annarra starfsmanna. Í ár hefur þetta hins vegar aukist og rúmlega 27% starfsmanna hafa orðið varir við fordóma eða áreitni í garð samstarfsfélaga. Þetta er eitthvað sem við viljum ekki sjá og unnið verður að því að koma í veg fyrir á næsta starfsári.

3.1 Mat á umbótarþáttum síðasta árs

Fræðsla og þjálfun – Stefnt var að því að fá fræðslu á starfsdaga fyrir alla starfsmenn og að minnsta kosti helmingur starfsmanna myndi sækja námskeið utan vinnustaðarins og var það markmiðið til þess að árangur myndi verða af verkefninu. Á þessu starfsári höfum við fengið fræðslu á fjórum starfsdögum af þeim sex sem eru yfir starfsárið. Það telst vel gert, stjórnendur voru virkir í að fylgjast með því sem var í boði á vegum Reykjavíkurborgar og hvað starfsfólk kallaði eftir að fá frekari fræðslu um. Því miður náði helmingur starfsmanna ekki að fara á námskeið utan vinnustaðarins eins og stefnt var að en rétt tæplega helmingurinn fóru þó á námskeið. Rúmlega 30% starfsmanna sóttu námskeið frá Greiningarstöðinni við þjálfun með aðferðum atferlisstefnunnar. Árangurinn er nokkuð góður þó svo að viðmiðum hafi ekki verið náð. Starfsfólk og stjórnendur voru ánægðir með fyrirkomulagið að fá fyrirlestra og fræðslu á starfstöðina og er stefnt að því að halda því áfram en að fá fleiri hugmyndir frá starfsmönnum um hvað þeir vilja

Hvatning til eflingar í starfi – Stefnt var að því að hvetja starfsfólk til þess að sækja fag- og réttinda námskeið. Ekkert varð úr því að starfsmenn fóru á fag- eða réttinda námskeið en það er mikilvægt að efla fagmennsku í leikskólum og hvetja starfsmenn til þess að auka við sig þekkingu. Því verður sá þáttur inni í umbótaáætluninni aftur starfsárið 2019-2020.

Endurskoðun starfsmannahandbókar – Stefnt var að því að endurskoða starfsmannahandbók Seljaborgar. Sú sem fyrir var er þykk og torlesin. Markmiðið var að gera hana aðgengilega fyrir starfsfólk. Ekki gafst tími til þess að hefja þessa vinnu á þessu skólaári. Þetta er þarft verkefni og verður því áfram á umbótaætlun fyrir starfsárið 2019-2020



Skipulag á kjarnafundum – Stefnt var að því að kjarnafundir yrði á hverjum kjarna einu sinni í mánuði. Ásættanlegur árangur var talinn ef að fundirnir yrðu í 75% tilfella. Þennan þátt náði ekki að uppfylla en þetta er mjög mikilvægt atriði varðandi upplýsingaflæði milli starfsmanna og mat á starfi og verður því enn á umbótaáætlun fyrir starfsárið 2019-2020.

Umbótaþættir	Að hverju er stefnt?
Jafnrétti og jafnræði	Stefnt er að því að auka fræðslu til starfsmanna um jafnrétti og jafnræði til þess að minnka fordóma og áreitni í garð samstarfsmanna. Leikskólastjóri ber ábyrgð á því að fá viðeigandi fræðslu fyrir starfsmenn. Viðeigandi árangri er náð ef að fordómar og áreitni í garð samstarfsmanna mælist minna í starfsmanna könnuninni í febrúar 2020.
Fræðsla og þjálfun	Stefnt er að því að fá hugmyndir frá starfsmönnum að fræðslu til að auka ánægju og gagnsemi hennar. Könnun verður send á starfsmenn eftir hverja fræðslu þar sem spurt er um álit þeirra á fræðslunni sem var. Leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóri halda utan um svör starfsmanna og taka niðurstöðurnar saman.
Upplýsingaflæði	Kjarnafundir eru mikilvægir upp á samskipti og upplýsingastreymi milli samstarfsmanna kjarnanna. Til þess að þeir gleymist ekki í amstri dagsins er nauðsynlegt að festa þá í mánaðarskipulaginu og hafa það sýnilegt. Ef fundir falla niður skal ástæða þess skráð niður. Þessum skráningum verður haldið saman til að skoða tíðni funda og ástæður þess að þeir eru ekki haldnir. Kjarnastjóri gerir fundargerð og safnar þeim saman í möppu sem er aðgengileg fyrir starfsmenn. Skipulagið verður endurskoðað um áramót.
Starfsmannahandbók	Til þess að auka gæði starfsins þarf að vera skýr og auðveld starfsmannahandbók sem samræmir aðgerðir starfsmanna. Ekki tókst að yfirfara þá sem til er en stefnt er að því að sú vinna hefjist strax á nýju skólaári til þess að nýir starfsmenn geti lesið hana án vandkvæða og nýtt sér það sem í henni er. Könnun meðal starfsmanna verður nýtt til að meta hvernig vinnan tókst til.

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram í mars ár hvert. Í samtölunum fá starfsmenn tækifæri til þess að ræða við leikskólastjóra um starfið, bæði það sem vel gengur og einnig það sem þarf að bæta. Allir starfsmenn fá þar til gerð eyðublöð sem fylla þarf út til þess að þeir komi sem best undirbúnir í viðtalið. Þar er einnig góður vettvangur fyrir starfsmenn að koma með hugmyndir að umbótum í starfinu.



Starfsdagar í Seljaborg hafa verið vel nýttir undir fræðslu og stefnt er að því að halda því áfram skólaárið 2019-2020. Við ætlum að hafa námskeið á vegum Barnaheilla um vináttu þar sem það tengist innleiðingu menntastefnunnar hjá okkur. Við ætlum að innleiða vináttuverkefni til að efla félagsfærni barnanna. Allir starfsmenn Seljaborgar fara á þetta námskeið og fer heill starfsdagur í það. Við stefnum á að fá fræðslu frá Jafnréttisskólanum til þess að minnka fordóma gagnvart samstarfsmönnum og að fara á ráðstefnu sem er haldin í tilefni Dags leikskólans í febrúar ár hvert.

5 Samstarf leik- og grunnskóla

Starfsfólk Seljaborgar er í virku samstarfi við Ölduselsskóla. Börnin sem eru á síðasta aldursári leikskólans hafa fengið að fara í skólann nokkrum sinnum yfir skólaárið. Bæði þar sem Ölduselsskóli býður börnunum í heimsókn en einnig hefur Seljaborg fengið kennslustofu lánaða nokkrum sinnum til þess að börnin fái betri tilfinningu fyrir skólanum sem þau fara seinna sjálf í. Ölduselsskóli býður tilvonandi nemendum sínum að koma þrisvar sinnum í heimsókn yfir veturinn og er síðasta heimsóknin farin með foreldrum rétt um skólalok grunnskólans. Starfsfólk og foreldrar eru ánægðir með það fyrirkomulag sem hefur verið á samstarfi skólanna og stefnt er að því að halda því eins og það er.

Skólaskilin hafa verið gerð samræmd í Seljahverfi þannig að allir leikskólar skila öllum börnunum sínum eins til grunnskóla hverfisins. Skilin hafa verið einfölduð og koma þar fram helstu upplýsingar varðandi barnið sem sagt gátlisti varðandi félagsfærni, niðurstaða úr Hljóm2 sem og nokkrar spurningar til barnanna þar sem börnin fá að segja frá væntingum sínum til skólans og námsins auk þess sem þau segja hvað þeim þykir skemmtilegast að gera.

Í ár verður nýtt verkefni hjá okkur í samstarfi við Ölduselsskóla þar sem nemendur í 10. bekk geta valið að fara í aðstoð í leikskóla. Nemendurnir koma þá til aðstoðar einu sinni í viku seinnipart dags og stendur verkefnið yfir í átta vikur. Markmiðið er að kynna nemendum það starf sem unnið er í leikskólanum og vekja vonandi áhuga þeirra á námi í leikskólakennarafræðum sem skili sér að lokum í fleiri menntuðum leikskólakennurum.

6 Foreldrasamvinna

Í foreldrafélagi Seljaborgar sitja fimm foreldrar. Stjórnin sér um að innheimta félagsgjöld tvisvar á ári. Foreldrafélagið borgar rútu þegar farið er í lengri ferðir eins og í Heiðmörk að velja jólatré og þegar útskriftarhópurinn fer í ferð í Hvalfjörð. Foreldrafélagið tekur þátt í undirbúningi og framkvæmd



Sumarhátíðarinnar sem er í tengslum við Þjóðhátíðardaginn. Félagið greiðir einnig fyrir jólasvein sem mætir á jólaballið, leiksýningu fyrir jólin, óskasteina sem börn fá þegar þau útskrifast og rósir. Foreldrafélagið hefur verið mjög viljugt að greiða fyrir ýmislegt sem okkur vanhagar um t.d nýja hitamæla, ýmislegt varðandi sumarhátíðina og margt fleira.

Í foreldraráði sitja þrjár fulltrúar stjórnar foreldrafélagsins. Fulltrúarnir eru kosnir á aðalfundi foreldrafélagsins sem haldinn er í september ár hvert. Á sama tíma eru deildarstjórar og stjórnendur með kynningu á starfi vetrarins fyrir foreldra þar sem farið er yfir helstu viðburði vetrarins og kennslugögn. Hlutverk foreldraráðsins er að gefa umsagnir til leikskóla, fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi og eru fundir haldnir reglulega yfir veturinn. Leikskólastjóri kallar foreldraráð á fundi til að undirbúa stærri viðburði á vegum þeirra t.d. Heiðmerkurferð og Sumarhátíð.

Foreldraviðtöl eru haldin tvisvar á ári í nóvember og mars. Ætlast er til þess að foreldrar mæti í bæði viðtölin. Í viðtölunum er farið yfir sín foreldra á námi barna sinna, drög eru lögð að einstaklingsnámskrá, framfarir barna eru rædd sem og önnur mál sem foreldrar eða hópstjórar þurfa að ræða.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar Seljaborgar starfsárið 2019-2020 eru eftirfarandi.

13. september

4. október

27. nóvember

7. febrúar

23. mars

20. maí

Leikskóladagatalið má síðan sjá í Fylgiskjali 4.



8 Fylgigögn

- 8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning
- 8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- 8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs
- 8.4 Fylgiskjal 4 – Leikskóladagatal 2019-2020

F. h. leikskólans *Seljaborg*

Olga G. Stefánsd.

Leikskólastjóri

11/7'19

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	0	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	5	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	0	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	5	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Nei	Verður til um áramót 2019-2020
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Nei	Er í undirbúning. Verður til í byrjun skólaárs
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	Ekki nógu vel þó og þarf að bæta. Farið verður í þá vinnu strax í byrjun næsta skólaárs
Eru regluleg lulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Þjónustumiðstöð Breiðholt, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	

Niðurstöður innra mats

Skráning á einstaklingþjálfun – Skráning hefur aukist á þjálfunarstundum og þær orðnar markvissari.

Skráning er ekki með sama hætti fyrir öll börnin en það er almenn sátt hjá þeim sem sjá um skráninguna með þeirra skipulag.



- Styrkleikar: Allir stuðningsaðilar hafa fundið skráningaleið sem hentar þeim og hafa betri yfirsýn yfir verkefni í þjálfunarstundum.

Viðmiði um árangur telst gott og er ekki þörf á því að meta þennan þátt í bili.

Ferli ef grunur vaknar um frávik hjá barni – Ekki gekk nógu vel að koma þessu kerfi á.

- Styrkleikar: Betra skipulag og yfirsýn fyrir sérkennslustjóra yfir börn sem þarf að skima. Sérkennslustjóri sér hvað er búið að gera áður en málið kemur til hans og þarf því ekki að byrja á því.

Viðmið um árangur náðist ekki og fer aftur í umbótaáætlun fyrir næsta ár.

Verkferlar vegna sérfræðipjónustu verði gerðir skýrir og aðgengilegir fyrir starfsmönnum –

Verkferlar voru gerðir aðgengilegir fyrir alla starfsmenn svo þeir viti hvaða ferlar fara í gang þegar grunur vaknar um frávik hjá barni.

- Styrkleikar: Betra skipulag og sýnilegt þannig að allir starfsmenn viti hvert á að beina áhyggjum sínum.

Verkferlar fóru inn á allar deildar og á sýnilegan stað í vinnuaðstöðu starfsmanna. Ekki er þörf á frekara mati.

Umbótaþættir	Að hverju er stefnt?
Áætlun um málörvun	Áætlun fyrir málörvun verður útbúin fyrir málörvun á öllum kjörnum. Allir kjarnar gera áætlun fyrir sig og framfylgja því skipulagi. Málörvunin á að eiga sér stað allt skólaárið og bera leikskólastjóri og sérkennslustjóri ábyrgð á því að kjarnarnir geri áætlun. Um áramótin 2019-2020 verður farið yfir hvort að kjarnar hafi gert áætlun og séu vinna eftir henni. Starfsmenn hvers kjarna rýna í verklagið saman og koma með tillögur að úrbótum ef eitthvað er að.
Snemmtæk íhlutun	Viðbragðsáætlun er gerð sem fer í gang eftir skimanir komi þær ekki vel út. Vinnan við þessa gerð er hafin og lýkur haustið 2019. Aðstoðarleikskólastjóri í samvinnu við sérkennslustjóra ber ábyrgð á því að áætlunin verði tilbúin. Markmiðið er að gera þjálfun barna markvissari og að þau sýni árangur í endurmati skimana.
Allir á deild þekki markmið einstaklinga	Einstaklingsáætlanir verði aðgengilegar fyrir starfsmenn viðkomandi kjarna til þess að gera þjálfunina markvissari og skilvirkari þar sem allir starfsmenn kjarnans geta tekið þátt. Byrjarð verður á þessu strax þegar leikskólinn opnar í ágúst 2019 og stendur yfir



Ferli ef grunur vaknar um
fávík hjá barni

allt árið. Sérkennslustjóri ásamt kjarnastjóra bera ábyrgð á því að gera einstaklingsáætlunina aðgengilega en starfsmenn bera ábyrgð sjálfir á því að nálgast upplýsingarnar. Ánægja með þetta fyrirkomulag verður athugað með umræðum.

Verkferlar eru til sem á að fara eftir þegar grunur um frávik hjá barni vaknar en hefur ekki verið notað. Markmiðið er að kjarnastjórar virki þetta og byrji að athuga hvar vandinn liggur áður en að málið er borið undir sérkennslustjóra. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á því að safna gögnunum til endurmats og kjarnastjórar bera ábyrgð á því að framfylgja ferlum. Öllum óskum verður safnað saman og athugað hvort að allir kjarnar hafi tileinkað sér þessa verkferla.



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítýngi	Nei	
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Með því að setja orð á athafnir og tala mikið við þau.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Með því að nota flóknari orð og útskýra þau.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Skimanir eins og Efi-2 og TRAS eru notaðar til þess að fylgjast með framförum barna.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none">• Orðaforði og málskilningur• Tjáning og frásögn• Hlustun og hljóðkerfisvitund• Ritmál• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun	Já	Í Tímalínunni okkar er hugað að öllum þáttum máls og börnin eru virkir þátttakendur í starfinu.

Niðurstöður innra mats

Fræðsla vegna málefna barna með annað móðurmál en íslensku – Við fengum Þóru Sæunni talmeinafræðing frá Miðju máls og læsis í heimsókn til okkar á starfsdegi. Hún var með erindi sem tengist málörvun, samtali og lestri fyrir öll börn en með sérstaka áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku. Fræðslan var mjög góð og viðhalda þarf fræðslunni fyrir nýja starfsmenn.

- Styrkleikar: Góð yfirferð sem kveikti áhugann hjá starfsmönnum og ýtti undir lestur fyrir börn.



Þessi málaflokkur er mjög mikilvægur og halda þarf áfram að sækja fræðslu og auka þekkingu starfsmanna á mikilvægi þess að hlúa vel að máli þessara barna og því verður þessi þáttur aftur á umbótaáætlun fyrir næsta ár.

Umbótaþættir	Að hverju er stefnt?
Markvisst unnið að því að dýpka orðaforðann	Tímalínan og orðaforðalisti Menntamálastofnunnar verða notaðir til þess að gera orðaforðakennslu markvissari en hún er. Allir starfsmenn leikskólans bera ábyrgð á því að efla orðaforða barnanna. Á síðasta starfsdegi skólaársins verður umræða um það hvernig gekk og hver upplifun starfsmanna var til að endurmeta og bæta ef þarf. Markmiðið er að orðaforði barna með annað móðurmál en íslensku aukist og að starfsmenn séu ánægðir með aðferðirnar.
Fræðsla starfsmanna	Starfsmenn þurfa að fá reglulega endurmenntun og áminningu um mikilvægi lesturs og samræðna við börn. Stefnt er að því að fá utanaðkomandi fræðslu eða erindi á starfsdegi. Endurmat verður í formi könnunnar meðal starfsmanna eftir fræðslur þar sem ánægja þeirra er könnuð. Markmiðið er að allir starfsmenn séu ánægðir með þær fræðslur og kynningar sem þeir fá og finnist þær gagnlegar.
Vinna með tvítyngi	Málörvun á að vera hluti af skipulögðu starfi. Setja á upp málörvunarhópa og festa það í skipulagi allra kjarnanna. Skipulagið tekur í gildi haustið 2019 og verður orðinn hluti af starfinu um áramótin. Allir stjórnendur leikskólans bera ábyrgð á því að innleiða þetta í starfið. Á kjarnastjórafundi verður síðan skipulagið og annað rætt og endurskoðað.



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020 Seljaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

**Berglind Gunnarsdóttir
Hrafnís Maríudóttir
Margrét Ólína Gunnarsdóttir
Marta Dröfn Björnsdóttir
Valgerður Björg Hannesdóttir**



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11. gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldaráðið hefur farið yfir starfsáætlun skólans og finnst hún vera í samræmi við það góða starf sem hefur verið í skólanum undanfarið ár. Matsáætlunin er vel unnin og tekið er mið af þroska og getu barna. Síðastliðið ár hefur verið unnið mjög fjölbreytt, metnaðarfullt og gott starf við leikskólann Seljaborg. Börnin hafa fengið margvísleg og áhugaverð verkefni til að takast á við.

Foreldaráði leikskólans finnst afar jákvætt hversu fjölbreytt og skilvirkt starfið hefur verið. Starfsfólk leikskólans hefur verið sérstaklega duglegt að skoða nærumhverfi leikskólans, heimsækja skólalóðina



og taka styttri og lengri göngutúra. Mikil áhersla hefur verið lögð á læsi og teljum við óumdeilanlegt sú vinna muni skila sér með jákvæðari lestrarnámsupplifun þegar barnið hefur sína skólagöngu.

Mikil áherlsa er lögð á að nemendur öðlist styrk og sjálfsöryggi í því að koma fram og fá þeir þá ólík hlutverk eins og t.d. bókaormur eða veðurfræðingur. Nemendur fá einnig tækifæri til að vera skapandi ekki hvað síst með leik með verðlausum hlutum sem annars færu í ruslið.

Foreldraráðið hefur eingöngu eina athugasemd: Foreldraráðið er afar ánægt með eldhúsið og að maturinn sé eldaður af matráði í leikskólanum. Við leggjum samt til að birtur verði matseðill a.m.k. 4 vikur fram í tímann á vefsíðu skólans og á útprentuðu blaði í fataherbergjum.



Seljaborg

Leikskóladagatal 2019 - 2020

Samband íslenskra sveitarfélaga

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JUNÍ	JULÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M	5 Þ	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F
11 M	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 M	13 S	13 M	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M	16 F	16 M	16 S	16 F	16 M	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M	23 F	23 M	23 Þ	23 F	23 M	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F
25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F	25 M	25 L	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 M	27 F	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 M	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 L	30 Þ	30 F	30 F	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L	31 M	31 F	31 M	31 Þ	31 F	31 L	31 S	31 M	31 S	31 F	31 F

